

Fundargerð 453. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2023, miðvikudaginn 17. maí kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Gunnar Tryggvason, Pétur Ólafsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Arnfríður Eide Hafþórsdóttir, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Elliði Vignisson, Alexandra Jóhannesdóttir og Björn Arnaldsson.

Að auki sat fundinn Valur Rafn Halldórsson sviðsstjóri, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 452. fundar - 2301001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 452. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 19. apríl 2023 sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Fundargerðir Siglingaráðs - 2009019HA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 39., 40. og 41. fundar Siglingaráðs frá 2. mars, 19 apríl og 9. maí 2023.

3. Fundargerð samstarfsnefndar Fiskistofu og hafnasambandsins - 2009013HA

Lögð fram til kynningar fundargerð 2. fundar samstarfsnefndar Fiskistofu og Hafnasambands Íslands frá 25. apríl 2023.

Ákveðið að fá lögfræðing hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga til að taka saman stutt minnisblað um aðgang Fiskistofu að myndavélum í höfnum en í lögum nr. 85/2022 fékk Fiskistofa heimild til að fá aðgang að myndavélakerfum í löndunarhöfnum. Stjórn hafnasambandsins telur mikilvægt að það sé skýrt í hverju aðgangsheimildin sé fólgin og hvort að höfnum sé heimilt að taka gjald fyrir þessa þjónustu.

Jafnframt lagt til að fá lögfræðiálit varðandi fjarvigtanir og hvaða breytingar þurfi að gera á lögum og reglugerðum svo hægt verði að fara í tilraunaverkefni í fjarvigtun. Einnig samþykkt að taka saman ábendingar varðandi úrbætur varðandi vinnu og skráningar í Gaflinn.

4. Aðalfundur Cruise Iceland 2023 - 2305001HA

Lögð fram til kynningar fundargerð aðalfundar Cruise Iceland sem haldinn var 2. maí 2023. Einnig lögð fram ársskýrsla Cruise Iceland dags. 2. maí 2023.

5. Drög að reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands - 2305003HA

Lögð fram drög að reglugerð um Náttúruhamfaratryggingu Íslands, mál nr. S-92/2023, ásamt fylgiskjali.

Stjórn felur formanni að útbúa umsögn um drögin þar sem fram kemur að Hafnasamband Íslands taki jákvætt í þessar breytingar enda eru þær löngu

tímabærar. Jafnframt leggur stjórn áherslu á að grjótvargarðar verði einnig settir inn í skilgreiningu reglugerðarinnar á hafnarmannvirkjum.

6. Vorfundur 2023 - 2305004HA

Rætt um dagskrá vorfundar hafnasambandsins sem að þessu sinni verður á Norðurlandi vestra 12.-13. júní 2023.

7. Vinnuhópur umhverfisráðuneytis vegna aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum - 2305005HA

Rætt um áherslur og ábendingar stjórnar hafnasambandsins vegna aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum. Lúðvík Geirsson er tilnefndur í vinnuhóp um málefnið fyrir hönd Sambands íslenskra sveitarfélaga.

8. Hafnalög - EES innleiðing - 2303002HA

Lögð fram til kynningar lög um breytingu á hafnalögum, nr. 61/2003 (EES-reglur) sem voru samþykkt á Alþingi 15. apríl 2023.

9. Breytingar á reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum - 2305002HA

Lögð fram reglugerð um slysavarnir og öryggisbúnað í höfnum, nr. 580/2017. Stjórn Hafnasambands Íslands leggur til að breyting verði gerð á 8. gr. þannig að heimilt verði að minnka lýsingu á tímabilinu kl. 24:00 til 08:00 þegar starfsemi er í lágmarki, þannig að lágmarks ljósstyrkur verði 70%, sem minnkar lýsinguna á fyrrnefndu tímabili en hreyfiskynjarar auki lýsinguna þegar starfsemi fer í gang á hafnarsvæðum á tímabilinu. Stjórn hafnasambandsins telur að öryggismál á hafnarsvæðum verði óbreytt þrátt fyrir þessa breytingu en á sama tíma munu hafnirnar sporna gegn orkusóun og vernda náttúruna. Formanni falið að fylgja málinu eftir og senda erindi á innviðaráðherra um málið.

10. Hafnafundur 2023 - 2211002HA

Drög að dagskrá hafnafundar lögð fram til kynningar en hafnafundurinn verður haldinn í ráðstefnusal Hafrannsóknarstofnunar í Hafnarfirði 20. október 2023.

Fundi var slitið kl. 12:45